

Bækur og bókaútgáfa

„Frá barnæsku var ég bókaormur, og bækurnar þekkja sína“, segir Davíð skáld frá Fagraskógi. En það er ekki síður sannmæli, að þekkja megir menn af bókum þeirra, eða eins og máltækið hljóðar: „Segðu mér, hverja þú umgengst, og ég skal segja þér, hver þú ert“. Bækurnar eru kunningjar okkar og stundum vinir. Við höfum, eftir því sem kostur hefur verið, valið þær eftir smekk okkar og hugðarefnum. Í bókasafninu, hvort sem það er lítið eða stórt, felst því venjulega nokkur mynd af eigandanum.

Þær bækur, sem við lesum og metum, viljum við helst eiga sjálfir. Okkur finnst návíst þeirra þægileg, við getum merkt við í þeim, gert athugasemdir og gripið til þeirra, þegar við óskum eftir góðum félagsskap. — Stundum fá menn lánaðar bækur. Þær eru gestir á heimilinu. Menn umgangast þær með virðingu og krotu ekki við í þær. En þegar þær hafa verið lengi í láni, eykst kunningsskapurinn. Þær verða heimamenn, og þess vegna er bókum svo ákaflega sjaldan skilað.

Það er víst ekki ofsagt, að með upphafi bókaútgáfu hafi orðið þáttaskipti í sögu mannkynsins, svo mikil hafa áhrif bókanna orðið til góðs og einnig til ills. Þó eru fáar bækur algóðar eða illar með öllu. Bækurnar segja frá hugsunum manna, og í þeim er venjulega satt og logið, að vísu í dálítið mismunandi hlutföllum. Það skiptir því verulegu máli, hvernig þær eru lesnar, eða með hvaða hugarþeli. Að lesa bækur er að vissu leyti list, alveg eins og að rita þær. Menn lesa í málið og milli línanna eftir eigin óskum, því að „margt er það, sem bókin gerir ráð fyrir.“ Schopenhauer gamli, sem þótti orðhvass í frekara lagi, segir um þetta: „Bækur eru eins og spegill, ef a ní lítur í hann, þarf hann ekki að búast við að sjá þar engil.“

Bækurnar í skápnum okkar eiga hver sína ævisögu. Það eru margir, sem leggja hönd á plóginn áður en bókin berst lesandanum í hendur. — Handritið hefur verið samið og síðan vélritað. Þá er bókin sett, myndir og kápa teiknaðar og myndamót gerð. Prófkir eru lesnar, bókin prentuð og bundin. Að lokum vinnur fjöldi

manns í bókaverzlunum við að afgreiða bækur. — Þetta er almenna sagan, en svo á hver bók sína eigin persónusögu, sem sjaldan er sögð. — Hún hefst með viðureign útgefandans og höfundarins. Höfundurinn kemur með handritið. Hann er sannfærður um, að það sé gott, ef til vill ódauðlegt listaverk. Útgefandinn vill helst, að handritið sé þannig skrifað, að hægt sé að stafa sig fram úr því, enda þótt það kunni að vera ódauðlegt listaverk. Útgefandinn les handritið. Skili hann því fljótt og vilji ekki kaupa það, telur höfundurinn vafalaust, að útgefandinn hafi ekki lesið það. Hann athugar bara ekki, að „maður þarf ekki að eta heilt naut til þess að finna, að buffið er seigt,“ eins og orðheppinn maður sagði.

Stundum eru boðin handrit, sem ekki er búð að semja. Skáld hringir og spyr útgefandann, hvort hann vilji gefa út ljóðabók. Útgefandinn vill fá að líta á handritið. Skáldið hefur ort nokkur kvæði, sem hafa birzt í blaði í Salthólmavík, en það ætlar að yrkja í sumar. Skáldið þarf að fá svar innan viku um það, hvort útgefandinn vilji gefa bókina út í haust, því að annars ætlar skáldið á síld, því að eitthvað þarf skáld að hafa upp úr sumrinu. —

Þetta voru bækurnar, sem ekki komu út. — Hinar, sem komu út, geta líka sagt frá ýmsu. Það er búð að prenta bókina. Höfundurinn kemur til útgefandans og segir honum, að sér hafi sézt vfir, að fvrir tveim árum hafi komið út bók með sama titli. Það þarf því að breyta titlinum og prenta fvrstu örkina upp aftur. — Bókin er komin út. Það er ljóðabók, og höfundurinn hefur ort eina vísu fvrir hvern dag ársins, en þau mistök hafa orðið, að vísan við einn daginn hefur fallið niður í prentun, og það þurfti þá endilega að vera fæðingardagur eigin komu skáldsins. — Sem betur fer henda svona stórslys sjaldan, því að samvinna höfunda og útgefenda er hér vfirleitt góð, og verði mistök, eru þau útklíað í bróðerni.

Fróðir menn telja, að frá því að byggð hófst hér á landi, hafi Ísland aldrei bókarlaust verið,

því að Paparnir, sem voru fyrir, þegar Norðmenn komu, hafi átt bækur, og síðar hafi landsmenn sjálfir tekið að semja bækur. Útgáfa prentaðra bóka er talin hafa hafizt hér á landi á árunum 1525—1525. Fyrsti íslenzki „forleggjarinn“ var Jón biskup Arason. Fyrsta bókin, sem prentuð var á íslenzku, var Nýja testamenti Odds Gottskálkssonar, en það var ekki prentað hér á landi, heldur í Hróarskeldu í Danmörku árið 1540. Fyrstu bækurnar, sem gefnar voru út hérlandis, voru yfirleitt áróðursrit í trúmálum, svo að engan þarf að furða, þótt áróðurs gæti enn að ráði í því, sem prentað er á Íslandi.

Í um 200 ár var útgáfustarfsemið hér á landi í höndum kirkjunnar, og voru þá aðallega gefin út rit trúarlegs efnis. Þó komst höggormurinn furðu fljótt inn í Paradís, því að fyrsti þýddi reyfarinn kom út á Hólum árið 1756. Það var bókin „Þess svenska Gustavs Lankrons og þess engelska Bertholds sögur útlagðar af dönsku af séra Þorsteini Ketilssyni“.

Fyrstur hérlandra útgefenda til þess að stíga spor í þá átt, að gera bókaútgáfuna alþýðlega, var Magnús sýslumaður Ketilsson. Það verk var fullkomnað í lok 18. og byrjun 19. aldarinnar af Magnúsi konferensráði Stephensen, sem vegna hinnar umfangsmiklu og alþýðlegu útgáfustarfsemi má telja fyrsta nútíma bókaútgefandann á Íslandi. — Svo að drepíð sé á nokkra viðburði í íslenzkri bókaútgáfu má nefna, að fyrsta íslenska skáldsagan, Piltur og stúlka, kom út í Kaupmannahöfn árið 1850. Fyrsta bókin, sem prentuð var í Reykjavík, voru „Ljóð“ Sigurðar Péturssonar, árið 1844. Ekki má svo heldur gleyma fyrstu hnevkslisbókinni, Felsenborgarsögunum frægu. Þær komu út norður á Akurevri árið 1854.

Um og fyrir aldamótin verður blytning í íslenzkri bókagerð. Björn Jónsson ritstjóri flytur árið 1879 fyrstu hraðpressuna til landsins og ræðst í umfangsmikla bóka- og blaðaútgáfu. Fleiri duðandi framtaksmenn, eins og Sigurður Kristjánsson, Sigfús Evmundsson og Þorsteinn Gíslason, stofna myndarleg bókaforlög, og bókaútgáfan verður atvinnugrein á Íslandi með höfuðaðsetri í Reykjavík. — Síðan hefur fólksstraumurinn leað til Reykjavíkur og bókastraumurinn frá Reykjavík.

Bókaútgáfa og þær iðngreinar, sem undir hana renna, er nú orðin verulegur þáttur í reykvisku atvinnulífi, og hann stærri en margan grunar. — Hér eru nú starfandi 22 prentsmiðjur, 1 ljós-

prentstofa, 15 bókbandsverkstæði, 3 myndamótagerðir, um 30 bókaverzlanir og mörg bókaforlög. Sennilega munu nú vera framleiddar í Reykjavík árlega um 800—900 þúsund bækur, ef allt er talið með. Ef bókaútgáfan er reiknuð í hlutfalli við íbúafjölda, eins og við gerum venjulega, þegar við viljum hafa heimsmet í einhverju, þá myndi niðurstaðan vera leikandi heimsmet Reykvíkinga í bókaframleiðslu.

Allt prentað mál hefur þann eina tilgang að vera lesið, og nú orðið fylgja bækurnar okkur frá vöggu til grafar. Áhrif bókanna geta því verið mikil og bókaútgáfan ábyrgðarstarf. Við útgefendur teljum okkur þessa yfirleitt meðvitandi, enda skortir heldur ekkert á, að við séum minntir á það, því að fáir munu vera jafnstöðugt undir smásjá gagnrýnnar. Við játum það fúslega, að okkur verða stundum mistök á. Hins vegar væri heldur vandlifað fyrir okkur, ef við ættum að gera öllum til hæfis, því að það, sem Káinn segir um skáldskapinn, gæti eins vel átt við bókaútgáfu almennt:

Það er miklu meiri vandi
en margan grunar hér í landi,
að yrkja svo að öllum líki, —
en einkum guði í himnaríki.

Vandlætarnir með dómsdagssvipinn hafa á síðari árum af miklum fjálgleik fordæmt bókaflóðið svokallaða. Ég verð að lýsa mig á algerlega öndverðum meiði, ekki bara af því, að það vill svo til, að ég gef út bækur, heldur í krafti almennrar skynsemi. — Bækur koma yfirleitt ekki út nema fólk vilji lesa þær. Að mikið kemur út af bókum á Íslandi, er vottur þess, að íslenska þjóðin les mikið, og það er aðalsmark menningarþjóðar. Því fleiri bækur, sem út koma, þeim mun frjálsara er valið fyrir bókaneytendurna, lesendurna, og það er vöndur, sem knýr útgefendur til samkeppni um að gefa út sem beztar bækur.

Það er ekkert nýtt fyrir okkar tíma, að uppi séu sérvitringar, sem halda, að heimurinn sé að farast í einhverju syndaflóði eða bókaflóði. Slíkir öfuguggar hafa alltaf verið til, meira að segja er einhversstaðar í Gamla testamentinu verið að tæpa á bókaflóði. En hrakspárnar hafa ekki rætt, og samferðamenn okkar verða trúlega ekki sannspárrí en fyrirrennarar þeirra. — Hinu er ekki að neita, að það væru ekki óskáldleg endalok fyrir aðra eins bókmenntaþjóð og Íslendinga að farast í bókaflóði.